


## Miðannarskýrsla vegna starfsemi frístundaheimila ÍTH haust 2013

Frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk starfa við alla grunnskóla í Hafnarfirði. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur fyrir nemendum á aldrinum 6-9 ára.

Frístundaheimilin eru opin eftir að skóla lýkur til kl. 17 alla virka daga. Opið er á skipulagsdögum og virka daga í páska- og jólafríi. Sækja þarf sérstaklega um vistun á þessum dögum en ekki er greitt sérstaklega fyrir þá vistun.

Í dag eru skráð 680 börn í frístundaheimilin og 91 starfsmaður í 22.5 stöðugildum. Starfið gengur almennt vel og í byrjun nóvember er búið að fullmanna á öllum stöðum. Þó er talsverð hreyfing á starfsfólki og búast má við einhverjum breytingum um áramót.

Í byrjun skólaárs töldum við okkur vera vel mönnum miðað við þau börn sótt hafði verið um fyrir þegar skólastarf byrjaði. Eftir að kennsla hófst fjölgaði umsóknum og þá mynduðust biðlistar sem tók um tvær vikur að tæma.




Talsverð fjölgun er á öllum stöðum miðað við síðasta vetur sem þengir að starfseminni þar sem húsnæðið gerir ekki ráð fyrir svo mörgum börnum á flestum stöðum. Á mörgum stöðum


hefur verið hægt að leysa húsnæðismálin í samstarfi við skóla en lausnirnar eru flestar á þá leið að frístundaheimilin starfa á tveimur til þremur stöðum í skólanum því víða er skólinn einnig aðþrengdur. Í Áslandsskóla og Hraunvallaskóla eru mestu þrengslin í dag og ef spár rætast um fjölgun í þeim hverfum þarf að leita nýrra lausna.

Heimsíður eru nú komnar fyrir allar tómskundamiðstöðvarnar. Þar eru allar helstu upplýsingar um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Við höfum beðið skólana að setja á sínar síður tengil inn á síður tómskundamiðstöðvanna.

Það er búið að gera starfsskrá fyrir frístundaheimilin og er hún aðgengilega á á [www.tomstund.is](http://www.tomstund.is). Unnið er að handbók starfsmanna frístundaheimila og starfsmenn hafa sótt fræðslu og starfsmannafundi í haust.

Í vetur er starfað eftir nýrri gjaldskrá þar sem farið var að rukka fyrir daga en ekki klukkustundir. Eftir breytingarnar þá hefur verið betra að skipuleggja starfsemina þar sem börnin eru flest hjá okkur til kl. 16:00. Það gerið það að verkum að við getum skipulagt t.d. klúbbastarf, vettvangsferðir og fl. Einnig eru foreldrar rukkaðir eftirá núna sem foreldrar eru mjög ánægðir með. Einnig fólu breytingar á verðskrá í sér að nestisgjald er hluti af greiðslum og því eru öll börnin að fá nesti í starfinu í dag. Þetta fyrirkomulag er afar jákvætt fyrir alla. Nokkrar kvartanir bárust vegna breytinga á gjaldsskrá en það var aðallega frá aðilum sem vilja hafa börnin sín hjá okkur í 1-2 klukkustundir en þurftu í kjölfar breytinga að greiða fyrir heilan dag.





Verkefnastjórar sem hafa umsjón með starfinu funda með stjórnendum ÍTH tvisvar í mánuði og vinna saman að því að þróa verkefnið. Farið hefur verið í heimsókn til frístundaheimila í Reykjavík til að kynna sér starf annarra. Í bígerð er að innleiða hluta af SMT forvarna- og agastjórnunarkerfi skólanna inn í frístundaheimilin en þar er verið að hugsa um ákveðna hluta kerfisins s.s. myndræn og skýr skilaboð og samskiptareglum sem styðja á við daglegt starf, krökkunum og starfseminni til hagsbóta.

Auknar vinsældir frístundaheimila eru jákvæðar fyrir ÍTH en aukin þrengsli neikvæð fyrir alla aðila. Á næstunni þarf að íhuga möguleika á því að skilgreina betur rýmis- og þjónustuparfir starfseminnar og þróa rekstrarlíkan. Slík vinna verður unnin með fræðsluyfirvöldum, framkvæmdarsviði og foreldrum og afraksturinn mun vonandi styrkja faglegt starf og tryggja að börnin hafa góð uppeldisskilyrði.

Tómstundaskrifstofa  
*Andri, Geir og Linda*